

Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

september 2014

Eftirtaldir mynda stjórn
foreldrafélagsins veturinn
2014-2015

Rakel Þorsteinsdóttir, formaður

Hanna Rut Samúelsdóttir varaformaður

Aðalbjörg Skúladóttir, gjaldkeri

Karl Óskar Kristbjarnarson ritari

Inga Dóra Ragnarsdóttir

María Pálsdóttir

Álfheiður Tryggvadóttir

meðstjórnendur/varamenn.




Tenglastarf 2014-2015

Núna standa yfir foreldrakynningar í Sunnulækjarskóla og taka umsjónarkennarar niður nöfn tilvonandi bekkjarfulltrúa fyrir hönd foreldrafélagsins.

Foreldrar sem hafa áhuga á að starfa sem bekkjartengill geta einnig haft samband við umsjónarkennara með tölvupósti eða símleiðis fyrir fundinn.

Um leið og við þökkum kennaranum fyrir þeirra framlag hvetjum við þig til að taka virkan þátt í foreldrastarfinu. Það er minna mál en þú heldur að vera bekkjartengill.

Bestu kveðjur,
stjórn Foreldrafélags Sunnulækjarskóla




Frá 1. fundi foreldrafélags Sunnulækjarskóla skólaárið 2014-2015, 10 september kl: 17:30



Mættir: Aðalbjörg Skúladóttir, Hanna Rut Samúelsdóttir, María Pálsdóttir, Raket Þorsteinsdóttir, Inga Dóra Ragnarsdóttir, Karl Óskar Kristbjarnarson
Fjarverandi: Álfheiður Tryggvadóttir



- Fyrsta mál á dagskrá hjá nýrri stjórn var að skipa í stöður í stjórninni og var niðurstaðan þessi:
 - Formaður - Raket
 - Varaformaður - Hanna
 - Gjaldkeri - Aðalbjörg
 - Ritari - Karl
- Rætt um samstarfsfund með Skóla- og frístundarþjónustu sem verður haldinn þann 17. september. Óskað var eftir því við Foreldrafélagið að fulltrúi eða fulltrúar þess myndu mæta á þennan fund.
- Greiðsluseðlar vegna árgjalds verða sendir út í október. Á aðalfundi í vor var ákveðið að halda árgjaldinu óbreyttu, eða 1.000 kr. per heimili.
- Aðalbjörg kom með tillögu að fyrirlestri sem foreldrum yrði boðið á. Hún vinnur áfram í málinu og ætlar að reyna að koma þessum fyrirlesti á fyrir áramót.
- Fundur með bekkjartenglum er áætlaður í október. Einnig rætt um að bjóða bekkjartenglum að vera viðstadda fundi foreldrafélagsins.
- Rætt um að koma bæklingi um forvarnir um einelti til Birgis og óska eftir að hann verði afhentur foreldrum á kynningarfundum 1. bekkings.
- Í fyrravetur kannaði Foreldrafélagið möguleikann á því að koma upp Hreystibraut á lóð skólans. Kom í ljós að kostnaðurinn við það verkefni er töluverður en samt fullur vilji til að halda þessu máli vakandi og skoða hvort þetta sé möguleiki með aðkomu fleiri aðila.
- Rifjaður upp fundur sem haldinn var með Birgi og öðrum stjórnendum í skólanum sl. vor og ákveðið að óska eftir öðrum sambærilegum fundum sem fyrst. Málafni sem þarf að ræða á þeim fundum eru m.a.:
 - Gæsla 10. bekkings. Það þarf að koma þessu í fastara form og fá nemendur til að byrja sem fyrst.
 - Hafa heyrnahlífar í boði fyrir nemendur yngstu bekkjanna. Sum börn eiga erfitt með að venjast þeim klišú sem getur myndast í skólustofum og því getur verið gott fyrir þau börn að fá afnot af heyrnahlífum af og til. Fordæmi eru fyrir þessu í öðrum skólum.
 - Langar raðir í mötuneyti.
 - Uppfærsla á heimasíðu skólans mætti vera markvissari.



Næsti fundur ákveðinn þann 29. 10.2014 kl. 17:30
Fundum slitið kl 19:00

